

**Sp. 335. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]**

um könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum takmarkana á fiskveiðum Íslendinga.

Flm.: Guðmundur H. Garðarsson, Guðmundur Karlsson, Sverrir Hermannsson, Lárus Jónsson, Friðjón Þórðarson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera ítarlega könnun á atvinnu- og efnahagslegum áhrifum þess, ef farið verður að tillögu fiskifræðinga um að þorskveiðar Íslendinga í ár verði takmarkaðar við 250 000 smálestir. Enn fremur verði könnuð áhrif þess, ef farið verður að tillögum þeirra um viðgang helstu fiskstofna á næstu árum.

**Greinargerð.**

Undanfarin ár hafa farið fram miklar umræður um veiðipól fiskstofna innan hinnar nýju 200 mílna fiskveiðilögsögu Íslands. Árvisst hafa fiskifræðingar látið frá sér fara aðvaranir um, að ýmsir mikilvægir fiskstofnar væru ofveiddir og að grípa yrði til veiðitakmarkana. Flestir, sem til þekkja, eru sammála um nauðsyn þess, að einskis megi látið ófreistað í þeim efnum að afstýra því, að fiskstofnarnir séu ofnýttir. Hins vegar greinir menn á um, hvar draga skuli mörkin. Fara þar ekki alltaf saman skoðanir þeirra, er starfa í sjávarútvegi, og sérfræðinga.

Nú liggur fyrir tillaga frá fiskifræðingum um róttækan niðurskurð á þorskveiðum á yfirstandandi ári. Um er að ræða, að leyfilegur hámarksafli þorsks verði 250 000 smálestir, en á s. l. ári var þorskafli 330 000 smálestir. Þá lögðu fiskifræðingar til að þorskafli yrði 270 000 smálestir. Verði farið að þessari og öðrum tillögum, sem fiskifræðingar gera og hníga í sömu átt, mun það hafa gífurleg áhrif á efnahagslega afkomu þjóðarinnar.

Án ítarlegrar athugunar er erfitt að gera sér grein fyrir áhrifum þessara aðgerða á útgerð, fiskiðnað og afkomu þess fólks, er í þessum atvinnugreinum starfar, auk almennra áhrifa á atvinnu- og efnahagslíf landsmanna í heild.

Ljóst er þó, að fjórðungs niðurskurður á veiðum mikilvægasta fiskstofnsins, þorsksins, hlýtur að hafa í för með sér stórfelld samdráttaráhrif í atvinnu- og efnahagslífinu. Engir útreikningar né áætlanir liggja fyrir um stærð þess vanda, sem þjóðin stendur frammi fyrir, ef farið verður að tillögum fiskifræðinga. Er því lagt til, að slíkir útreikningar eða áætlanir verði gerðar hið fyrsta. Án framangreinds mats er þess vart að vænta, að gert verði viðhlítandi grein fyrir því, hvernig vinna beri að lausn þess gífurlega vanda, sem verður í atvinnu- og efnahagsmálum í nánustu framtíð verði farið að tillögum fiskifræðinga.

Með tillöguflutningi þessum eru flutningsmenn ekki að leggja dóm á tillögur fiskifræðinga í fiskveiðimálum Íslendinga.